

AUGLÝSING um EFTA-tollmeðferð.

Samkvæmt heimildum í 1. grein laga nr. 1/1970 um tollskrá o. fl. og 2. gr. laga nr. 2/1970 um breyting á lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, eru hér með settar reglur um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA).

A. Skilyrði EFTA tollmeðferðar

1. gr.

Vörur, sem geta notið EFTA-tollmeðferðar skv. 2. gr. auglýsingar þessarar og falla undir dálk í tollskrá með yfirskriftinni EFTA-tollur, skulu frá og með 1. marz 1970 því aðeins njóta hennar, að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt:

- a. að vörurnar séu upprunnar á EFTA-svæðinu í samræmi við upprunareglur þær, sem taldar eru í B. kafla auglýsingar þessarar;
- b. að ekki sé sótt um eða viðhöfð tollendurgreiðsla við útflutning varanna önnur en sú, sem ekki hefur áhrif á rétt vörunnar til EFTA-tollmeðferðar, sbr. C. kafla auglýsingar þessarar;
- c. að vörurnar séu sendar til íslensks tollsvæðis frá stað á EFTA-svæðinu, sbr. þó 11. gr. 3. mgr. og fylgiskjal 5, tl. 6 og 7, og
- d. að innflytjandinn fylgi reglum um tollafgreiðslu vara, sem óskað er EFTA-tollmeðferðar fyrir, sbr. D. kafla auglýsingar þessarar.

2. gr.

Allar vörur, sem ekki eru sérstaklega taldar í fylgiskjali 1, geta notið EFTA-tollmeðferðar í samræmi við 1. gr.

3. gr.

EFTA-svæðið — hér eftir nefnt svæðið — nær yfir landsvæði eftirtalinna ríkja í Evrópu, ásamt þeim landsvæðum öðrum, sem tilgreind eru og eru tengd hlutaðeigandi ríkjum:

Austurríki,
Danmörk (ásamt Grænlandi og Færeyjum),
Finnland,
Ísland,
Liechtenstein,
Noregur (ásamt Svalbarða),
Portúgal (ásamt Azor-eyjum og Madeira),
Stóra-Bretland og Norður-Írland (ásamt Ermarsundseyjunum og eyinni Mön, en ekki Gibraltar),
Sviss,
Svíþjóð.

2. mgr. Skip, sem heima á í einhverju af þeim ríkjum, sem talin eru í 1. mgr., skal telja sem hluta af landsvæði hlutaðeigandi ríkis við ákvörðun á uppruna sjávarafurða og vara, sem framleiddar eru úr þeim. Sjávarafurðir, sem aflað er af skipi, sem heima á í einhverju af þeim ríkjum, sem talin eru í 1. mgr., svo og vörur, sem framleiddar eru úr þessum sjávarafurðum um borð í skipinu, skulu taldar sendar frá landsvæði hlutaðeigandi ríkis, að því tilskildu, að þeim sé skipað á land á svæðinu. Skip telst í

Þessu sambandi eiga heima í því ríki, sem það er skráð í, að því tilskildu, að skipið sigli undir fána þess ríkis.

B. Upprunareglur

4. gr.

Skilyrði því, sem um getur í 1. gr. a. um uppruna vöru, skal teljast fullnægt, að því tilskildu, að svæðisuppruni varanna sé í samræmi við einhverja eftirtalda ákvörðunarreglu:

- a. að vörurnar séu *framleiddar að öllu leyti* innan svæðisins (alframleiðslumælikvarðinn);
- b. að vörurnar séu framleiddar innan svæðisins með ákvarðandi framleiðslu-aðferð, sem lýst er í framleiðsluskram EFTA (vörulistum I og II) fyrir þær vörur (framleiðslu-aðferðarreglan);
- c. þegar um er að ræða vörur, sem framangreindur vörulisti II tekur ekki til, skulu þær hafa verið framleiddar innan svæðisins, og verðmæti efna, sem notuð eru á hvaða vinnslustigi varanna sem er og innflutt eru utan svæðisins eða eru af óþekktum uppruna, skal ekki vera hærra en 50% af útflutningsverði varanna (hundraðshlutamælikvarðinn).

2. mgr. Notaðar vörur, sem safnað hefur verið innan svæðisins og aðeins eru notaðar til endurvinnslu, ásamt úrgangi og efnisleifum, sem stafa frá framleiðslutækjum innan svæðisins, teljast framleiddar að öllu leyti innan svæðisins, br. a. í 1. mgr.

3. mgr. Við ákvörðun um, hvort vara er af svæðisuppruna í samræmi við hinar tilgreindu ákvörðunarreglur í 1. mgr., skulu eftirtaldir þættir við framleiðslu vörunnar, án tillits til raunverulegs uppruna hlutaðeigandi efnivara, teljast *ekki* vera innflutt til svæðisins og *ekki* hafa að geyma nokkurn þátt, sem sé innfluttur til svæðisins:

- a. Efnivörur, sem skráðar eru í hráefnalista EFTA og notaðar við framleiðslu vörunnar í því ástandi, sem þeim er lýst í hráefnalistanum, sbr. fylgiskjal 4.
- b. Umbúðir, sem þörf er á með tiliti til

flutnings vörunnar eða geymslu, að undanskildum þeim umbúðum, sem varan almennt er seld í í smásölu.

- c. Orka, eldsneyti, verksmiðjuhús, vélar og verkfæri, ásamt efnivörum, sem notaðar eru til viðhalds sömu verksmiðjuhúsum, vélum og verkfærum.

4. mgr. Við ákvörðun um, hvort vörur eru af svæðisuppruna í samræmi við hundraðshlutamælikvarðann, sbr. c. í 1. mgr., gilda eftirfarandi sérreglur:

- a. Efnivörur, sem eru af svæðisuppruna í samræmi við ákvörðunarreglurnar, sem tilfærðar eru í a. og b. í 1. mgr., teljast ekki innihalda neinn efnishluta, sem innfluttur sé til svæðisins.
- b. Verðmæti efnivara, sem hægt er að greina, að hafi verið innfluttar til svæðisins, telst cif-verðmæti, eins og það hefur verið viðurkennt af tollyfirvöldum við seinasta innflutning til þess ríkis á svæðinu, þar sem þær eru notaðar til framleiðslunnar, þó að frá-dregnum flutningskostnaði, sem hefur lagzt á vöruna við flutning hennar um önnur ríki á svæðinu.
- c. Sé ekki hægt að ákvarða verðmæti efnivara, sem innfluttar eru til svæðisins skv. reglunni í b., skal telja það á því verði, sem síðast var greitt fyrir þær í því ríki á svæðinu, þar sem þær eru notaðar til framleiðslunnar.
- d. Verðmæti efnivara af óvissum uppruna ákvarðast skv. reglunni í c.
- e. Útflutningsverð vara telst það verð, sem greitt er eða greiða skal til útflytjanda í því ríki á svæðinu, þar sem vörurnar eru framleiddar, og skal það verð vera fob-verð eða franco-verð við landamæri þess ríkis. Ef nauðsynlegt er, skal leiðréttá útflutningsverðið, svo að það jafngildi verði við afgreiðslu fob eða franco við landamæri hlutaðeigandi ríkis.
- f. Verðmæti efnivara í samræmi við b.—d., eða útflutningsverð vara í samræmi við e., er heimilt að leiðréttá þannig, að það svari til þeirrar upphæðar, sem mundi fást við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem óháðir eru hvor öðrum. Upphæð þessi

telst einnig vera útflutningsverðið, þegar eiginleg sala hefur ekki átt sér stað.

5. mgr. Vörur, sem einungis hafa hlotið einhverja þá meðferð innan svæðisins, sem tilgreind er hér á eftir, teljast *ekki* framleiddar innan þess:

Pökkun (án tillits til þess, hvar umbúðaefnin eru framleidd), skipting í hluta, sundurgreining (einnig eftir gæðum), merking og söfnun í sett.

6. mgr. Eftirtaldar efnivörur skulu teljast *að öllu leyti framleiddar* innan svæðisins, nema leitt verði í ljós, að lokapáttur í framleiðslu þeirra hafi farið fram utan svæðisins:

- a. Efnivörur, sem færðar voru til birgða hérlendis á tímabilinu frá 1. marz 1969 til 28. febrúar 1970, enda verði leitt í ljós, að efnivaranna hafi verið aflað hjá framleiðanda þeirra í öðru aðildarríki.
- b. Efnivörur, sem færðar voru til birgða í öðru aðildarríki en Íslandi á tímabilinu frá 1. marz 1969 til 28. febrúar 1970, enda verði leitt í ljós, að efnivaranna hafi verið aflað hjá framleiðanda þeirra hérlendis.

5. gr.

Við heitingu reglnanna í 4. gr. um upprunaákvörðun skal að öðru leyti fylgt eftirtöldum reglum:

- a. Vöruhópar, sett eða söfn vara, sem tollast skv. einu tollskrárnúmeri í skilningi tollskrárlaga, teljast einnig heild með tilliti til uppruna.
- b. Verkfæri, hlutar og fylgitæki, sem innflutt eru með vöru, án sértaks verðs eða sérstakrar greiðslu, sem þá er innifalin í verði vörunnar, teljast heild ásamt vörunni, með tilliti til uppruna, að því tilskildu, að um sé að ræða venjubundna fylgihluti, sem að jafnaði fylgja vörunni í viðskiptum.
- c. Hver vörueining í sendingu, skal metin sjálfstætt með tilliti til uppruna, nema í þeim tilvikum, sem talin eru í a. og b., og þeim tilvikum öðrum, þegar vara telst heild í skilningi tollskrárlaga.
- d. Umbúðir, sem flytjast til landsins með vöru og teljast sjálfstæð verzlunarvara

í skilningi tollskrárlaga, skulu einnig metnar sérstaklega með tilliti til uppruna.

- e. Vara, sem flutt er til landsins í hlutum eða ósamsett í fleiri en einni sendingu, vegna þess að innflutningur í einni sendingu er óframkvæmanlegur af flutnings- eða framleiðsluástæðum, telst heild með tilliti til uppruna, að því tilskildu, að innflytjandi óski þess við tollafgreiðslu.
- f. Blönduð vara, sem ekki er vöruhópur, sett eða söfn vara, sbr. a. hér að framan, og til er orðin við blöndun eininga af svæðisuppruna við einingar, sem ekki eru af svæðisuppruna, getur hvorki að öllu leyti né að hluta talizt af svæðisuppruna, nema því aðeins, að eiginleikar blöndunnar séu verulega frábrugðnir eiginleikum hinna einstöku eininga. Ráðuneytið getur þó vikið frá þessari reglu, hafi verið gerður gagnkvæmur samningur um það atriði við önnur ríki á svæðinu.

C. Tollendurgreiðslur

6. gr.

Vörur geta ekki hlotið EFTA-tollmeðferð, hafi verið sótt um eða tekið við tollendurgreiðslu í sambandi við útflutning þeirra frá því ríki á svæðinu, þar sem síðasta hönd hefur verið lögð á framleiðslu þeirra, sbr. þó 7.—9. gr., ásamt fylgiskjali 5, tl. 7.

2. mgr. Með tollendurgreiðslu er átt við hverja þá skipan, sem miðar að einhverju eða öllu leyti að endurgreiðslu eða eftirgjöf gjalda, sem krafizt er af innfluttum vörum, að svo miklu leyti sem sú skipan leyfir slíka endurgreiðslu eða eftirgjöf við útflutning varanna, en ekki þegar þær eru notaðar innanlands.

3. mgr. Eftirgjöf sú, sem nefnd er í 2. mgr., á einnig við um vöru, sem flutt er í tollfrjálsar verzlunar eða tollfrjálsar birgðageymslur, eða til staða, sem svipaða stöðu hafa að því er tollgjöld varðar.

4. mgr. Ákvæðum í 4. gr. 5. mgr. skal beitt við ákvörðun um, í hvaða landi síðasta hönd var lögð á framleiðslu vörunnar. Vörur, sem teljast heild með tilliti til uppruna í samræmi við reglurnar í 5. gr., skulu einnig teljast heild með tilliti til tollendurgreiðslna.

7. gr.

Vörur geta hlotið EFTA-tollmeðferð, þótt sótt sé um eða tekið sé við tollendurgreiðslu, þegar um er að ræða:

- a. Tolla og önnur gjöld, sem ekki hafa verndaráhrif (fjáröflunartollar).
- b. Umbúðir, sem nauðsynlegar eru við flutning eða geymslu vöru, eða efnivörur, sem notaðar eru til framleiðslu slikra umbúða. Umbúðir, sem að jafnaði seljast með vöru í smásölu, teljast ekki umbúðir, sem nauðsynlegar eru til flutnings eða geymslu.
- c. Eftirtaldar vörur:

Bruxelles-tollskrárnúmer

Vörulýsing

- ex 04.02 Mjólk (önnur en súrmjólk, mysa, kefir, jóghúrt og svipuð gerjuð mjólk), niðursoðin, þurrkuð eða sykrúð
- ex 11.01 Mjöl úr korni (annað en haframjöl)
- ex 15.07 Feiti og feit olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin, nema oliur, sem unnar eru efnalega úr olivuúr-gangsefnum
- 17.01 Rófu- og reyrsykur í föstu formi
- ex 17.02 Drúfusykur
- ex 17.05 Drúfusykur, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í

2. mgr. Eftirtaldar vörur geta hlotið EFTA-tollmeðferð, þó að sótt hafi verið um eða tekið við tollendurgreiðslum:

- a. Vörur, sem innfluttar eru sem farþegafarangur, hvort sem ferðamaðurinn hefur vörurnar meðferðis eða þær eru sendar sérstaklega, þó að því tilskildu, að þær séu einungis til persónulegra nota og ekki innfluttar með sölu í huga eða í atvinnuskyni að öðru leyti.

- b. Vörur, sem að fob-útflutningsverðmæti nema ekki meiru en ísl. kr. 10.600 í útflutningslandinu.

8. gr.

Vara getur hlotið EFTA-tollmeðferð, þótt sótt sé um eða tekið sé við tollendurgreiðslu af efnivörum, sem eru af svæðisuppruna, og tollskyldar eru með EFTA-tolli við innflutning hingað til lands.

9. gr.

Ekki skal tollendurgreiðsla, sem sótt hefur verið um eða tekið hefur verið við, vegna útflutnings vara frá landsvæði aðildarríkis fyrir 31. desember 1966, hafa áhrif á hæfi þeirra til svæðistollmeðferðar, ef þær eru eftir þann tíma endurútfluttar frá landsvæði annars aðildarríkis.

D. Tollafgreiðsla vara, sem óskað er EFTA-tollmeðferðar fyrir

10. gr.

Í öðrum tilvikum en þeim, sem um ræðir í 2. mgr. 11. gr., getur vara því aðeins fengið EFTA-tollmeðferð, að innflytjandi láti í ljós ósk um það í aðflutningsskýrslu.

11. gr.

EFTA-tollmeðferð vara er auk þess bundin því, að innflytjandi leggi fram viðeigandi EFTA-skilríki, sbr. fylgiskjal 5, til staðfestingar því, að vörurnar fullnægi hinum fastákveðnu skilyrðum um uppruna, tollendurgreiðslu og sendingu. Þegar um er að ræða vörusendingu, sem að fob-útflutningsverðmæti í útflutningslandinu nemur ekki meiru en ísl. kr. 10.600 og í eru eingöngu vörur af svæðisuppruna, er heimilt í stað skilríkja, sem um er rætt í fylgiskjali 5, að viðurkenna yfirlýsingu útflytjanda á vörureikningi eða, þegar um er að ræða póstsendingar, yfirlýsingu á tollseðli, með svofelldu orðalagi: „Allar framantaldar vörur eru af EFTA-uppruna“. Yfirlýsingu þessa má einnig gefa á ensku („all the above articles are of EFTA-origin“) eða á öðru opinberu máli á svæðinu, að því tilskildu, að notuð sé löggilt þýðing á hlutaðeigandi mál.

2. mgr. Þegar bæði sendandi og viðtakandi vara eru einkaaðilar eða um farþegafaranger er að ræða, er heimilt að falla frá kröfu um skilríki að öllu leyti, enda nemi fob-útflutningsverðmæti ekki meiru en isl. kr. 10.600 og vörurnar séu ekki fluttar inn í sölu- eða atvinnuskyni. Í slíkum tilvikum þarf ekki að bera fram ósk í þá átt sérstaklega, sbr. 10. gr.

3. mgr. Skilyrði fyrir því, að vara, sem verið hefur í tollvörugæmslu utan svæðisins, hljóti EFTA-tollmeðferð, sbr. fylgiskjal 5, tl. 7, er, að fram sé lögð, auk hinna tilgreindu EFTA-skilríkja, yfirlýsing frá yfirvöldum, sem eftirlit hafa með tollvörugæmslunni. Í yfirlýsingunni skal vera lýsing á hlutaðeigandi vöru, þar sem tilgreind er tegund og merki á umbúðum, númer þeirra og fjöldi. Í yfirlýsingunni skulu enn fremur vera upplýsingar um, frá hvaða landi vörurnar eru fluttar í tollvörugæmsluna, hvenær þær voru fluttar til og frá tollvörugæmslunni, ásamt yfirlýsingu um, að þær hafi ekki hlotið þar neina aðvinnslu eða tekið neinni breytingu, nema að því er taka kann til ytri umbúða.

12. gr.

Séu tollyfirvöld í vafa um réttmæti framlagðra skilríkja, má binda EFTA-tollmeðferð því skilyrði, að fram séu lagðar frekari sannanir.

13.

Geti innflytjandi ekki þegar við tollmeðferð lagt fram þau skilríki, sem um ræðir í 11. og 12. gr., eða skilríkin eru ófullnægjandi, má veita hæfilegan frest til að leggja fram fullgild gögn eða frest til leiðréttingar þeirra. Vörurnar má þó afhenda gegn fullnægjandi tryggingu.

2. mgr. Hafi innflytjandi látið hjá líða að óska EFTA-tollmeðferðar á aðflutningsskýrslu, skal því aðeins endurgreiða tollmismun, að krafa um EFTA-tollmeðferð sé

lögð fram innan þriggja mánaða frá tollafgreiðslu vörunnar, enda sé ljóst, að varan fullnægi skilyrðum EFTA-tollmeðferðar. Enn fremur ber að sanna, að varan sé óseld. Frá hverri leiðréttingu skulu dragast kr. 3.000.

E. Aðstoð við útflutning vara

14. gr.

Í samræmi við heimild í 2. gr. laga nr. 2/1970 um breytingu á lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, hafa eftirtalin samtök hlotið löggildingu til að staðfesta EFTA-skirteini vegna útflutnings á vörum (sbr. fylgiskjal 5), sem rétt eiga til EFTA-tollmeðferðar í því ríki, sem þær eiga að flytjast til:

Félag íslenzkra iðnrekenda
Verzlunarráð Íslands.

15. gr.

Við útflutning vara, er um ræðir í 14. gr., geta útflytjendur enn fremur fengið aðstoð hjá tollyfirvöldum um upplýsingar, vottorðagiöf o. fl.

Sé farið fram á staðfestingu tollyfirvalda á EFTA-skirteini, verða útflytjendur að óska þess skriflega og leggja fram þau sönnunargögn, sem nauðsynleg teljast.

F. Refsiákvæði

16. gr.

Um viðurlög við röngum upplýsingum eða sönnunargögnum í því skyni að koma vöru undir EFTA-tollmeðferð gilda ákvæði 63. gr. laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. og 3. gr. laga nr. 2/1970 um breytingu á þeim lögum.

G. Gildistaka

17. gr.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. marz 1970.

Fjármálaráðuneytið 12. febrúar 1970.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal 1**Listi yfir vörur, sem ekki njóta EFTA-tollmeðferðar**

*Bruxelles-
tollnafnaskrár-
númer*

Vörulýsing

- 1. kafli** Lifandi dýr
- 2. kafli** Kjöt og ætir hlutar af dýrum *nema* hvalkjöt (ex 02.04)
- 3. kafli**
- ex 03.01 Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), ísvarinn, kældur eða frystur *nema* hraðfryst flök
- 03.02 Fiskur, saltaður, í saltlegi, þurrkaður eða reyktur
- ex 03.03 Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða þurrkuð; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni, *nema* frystar, afskeljaðar rækjur aðrar en „Dublin Bay prawns“ (Nephrops norvegicus“)
- 4. kafli** Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang
- 5. kafli**
- ex 05.04 Þarmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum, *nema*
- (i) svínsþarmar til pylsugerðar, að eif-innflutningsverðmæti yfir £ 10 pr. cwt. (50,8 kg) eða jafnvirði þeirrar upphæðar í annarri mynt; og
- (ii) ætir þarmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr kindum, svinum eða nautpeningi, aðrir en þarmar til pylsugerðar
- ex 05.15 Afurðir úr dýraríkinu, ót. a. *nema* blóðduft, blóðplasma, söltuð hrogn, óhæf til manneldis, dauð dýr þeirra tegunda, sem 1. og 3. kafli taka til, óhæf til manneldis
- 6. kafli** Lifandi trjáplöntur og aðrar jurtir; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og blöð til skrauts
- 7. kafli**
- ex 07.01 Grænmeti, nýtt eða kælt, *nema* hvítlaukur
- 07.02 Grænmeti (einnig soðið), fryst
- 07.03 Grænmeti lagt í saltlög, brennisteinssýrting eða önnur efni til varnar skemmdum um stundarsakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax
- ex 07.04 Grænmeti þurrkað eða eimað, einnig sundurskorið, mulið eða steytt í duft, en ekki frekar unnið, *nema* hvítlaukur
- 07.05 Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir
- 07.06 Maniókarót, arrowrót, salop, jarðartískokka, batatar og þess háttar rætur og rótarhnýði, sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt eða þurrkað, heilt eða skorið sundur; mergur sagópálmans

Bruxelles-
tollnafnaskrár-
númer

Vörulýsing

8. kafli

- 08.01 Döðlur, bananar, kókoshnetur, parahnetur, akajuhnetur, ananas, avokat-
hnetur, mangóaldin, guavaber, nýtt eða þurrkað, einnig afhýtt
- 08.02 Sítrusávextir, nýir eða þurrkaðir
- ex 08.03 Fíkjur, þurrkaðar
- 08.04 Vinber, ný eða þurrkuð
- ex 08.05 Hnetur aðrar en þær, sem teljast til nr. 08.01, nýjar eða þurrkaðar, með
eða án hnotskurnar, *nema* möndlur og kastanjettur
- 08.06 Epli, perur eða kveður, nýtt
- 08.07 Steinaldin, ný
- 08.08 Ber, ný
- ex 08.09 Aðrir ávextir, nýir *nema* „honeydew“ melónur (*Cucumis melo* L. var
inodorus eða *maltensis*) og „ogen“ melónur (*Cucumis melo* L. var
cantalupensis Ser)
- 08.10 Ávextir (einnig soðnir), frystir, en ekki sykraðir
- 08.11 Ávextir niðurlagðir til geymslu um stundarsakir (t. d. með brennisteins-
díoxýdgasi, saltlegi, brennisteinssýrtingi eða annarri niðurlagningarupp-
lausn), en í þessu ástandi óhæfir til neyzlu þegar í stað
- 08.12 Aðrir þurrkaðir ávextir en þeir, sem teljast til nr. 08.01—08.05
- 08.13 Hýði af melónum eða sítrusávöxtum, nýtt, fryst, þurrkað eða lagt í
saltlög, brennisteinssýrting eða í önnur efni til varnar skemmdum um
stundarsakir

9. kafli Kaffi, te, maté og krydd *nema* maté (09.03)

10. kafli Korn, ómalað

11. kafli Malaðar afurðir; malt; sterkja; glúten; inúlín

12. kafli

- 12.01 Oliufrae og oliurík aldin, heil eða sundurskorin
- 12.02 Mjöl ófitusneytt, úr oliufraeum eða oliuríkum aldinum, þó ekki mustarðs-
mjöl
- ex 12.03 Fræ, aldin og sporar til sáningar *nema* fræ af barrtrjám
- 12.04 Sykurrófur, heilar eða sundurskornar, nýjar, þurrkaðar eða malaðar;
sykurreyr
- 12.05 Síkoriurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar
- 12.06 Humall og humalmjöl (lúpúlín)
- ex 12.07 Basellika (*Ocimum basilicum*), hjólkróna (*Borago officinalis*), mynta
(að undantekinni þurrkaðri piparmyntu og poleimyntu), rósmarinlyng
(*rosmarinus officinalis*) og salvía (*salvia officinalis*)
- 12.08 Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað, en ekki
frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni, sem aðallega eru notuð
til manneldis, ót. a.
- 12.09 Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið
- 12.10 Beðjur, kálrófur og aðrar fóðurrófur, hey, lucerne, smári, esparsettur,
fóðurkál, úlfabaunir, umfeðmingsgras og þess háttar fóðurefni

*Bruxelles-
tollnafnaskrár-
númer*

Vörulýsing

15. kafli

- 15.01 Feiti af svínunum og fuglum, brædd eða pressuð
- 15.02 Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; tólg, framleidd úr slíkri feiti (þar með talinn „premier jus“)
- 15.03 Svínafeitisterín (lardstearín), oleosterín (pressutólg), svínafeitiolía, oleo-margarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt
- ex 15.06 Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti, úrgangsefnafeiti) *nema* klaufaolía til tæknilegrar notkunar
- ex 15.07 Feiti og feit olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin *nema* olíur unnar á kemiskan hátt úr olívuúrgangsefnum til tæknilegrar notkunar
- ex 15.12 Feiti og olíur úr jurta- eða dýraríkinu, vetnað að nokkru eða öllu leyti, eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, en ekki frekar unnin *nema* olíur og feiti algjörlega unnar úr fiski eða sjávarspendýrum
- 15.13 Smjörliki, tilbúin svínafeiti (imitation lard) og önnur tilbúin matarfeiti

16. kafli

- 16.01 Pylsur eða þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði
- 16.02 Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar
- ex 16.03 Kjötextrakt og annað kjötseyði *nema* hvaskjötsextrakt

17. kafli

- 17.01 Rófu- og reysrykur í föstu formi
- 17.02 Annar sykur, síróp, hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi; brenndur sykur
- 17.03 Melassi, einnig aflitaður
- ex 17.04 Fondant, deig, krem og svipaðar hálfunnar vörur, í stórum umbúðum, með viðbættu sætiefnainnihaldi að lágmarki 80% að þunga
- 17.05 Sykur, síróp og melassi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í, þó ekki ávaxtasafi, sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti

18. kafli

- 18.01 Kakaóbaunir, heilar eða muldar, einnig brenndar
- 18.02 Kakaóhýði og kakaóúrgangur

19. kafli

- 19.02 Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd
- 19.03 Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur
- 19.04 Tapiókagrjón og sagógrjón, tapióka- og sagólíki unnin úr kartöflumjöli eða annarri sterkju
- ex 19.07 Brauð og aðrar algengar brauðvörur *nema* skonrok („ships' biscuits“), brauðmyslna („crumbs“) og tvíbökur („rusks“)

*Bruxelles-
tollnafnaskrár-
númer*

Vörulýsing

- ex 19.08 Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur *nema* kex, ískex, tvíbökur („rusks“), kökur¹⁾ og vinarbrauð²⁾
20. kafli
- 20.01 Grænmeti og ávextir, tilreitt eða niðursoðið í ediki eða ediksýru, einnig með sykri, salti, sinnepi eða öðru kryddi
- ex 20.02 Grænmeti, tilreitt eða varið skemmdum með öðru en ediki eða ediksýru, *nema*
- (i) tómaturé (þ. m. t. tómaturpulpa) algjörlega unnið úr tómötum og vatni, með eða án salts eða annarra efna til varnar skemmdum eða bragðbætis, í loftþéttum lokuðum ílátum að þurrviktarinnihaldi ekki minna en 25% tómatar; og
- (ii) olívu
- 20.03 Ávextir frystir, með sykri
- 20.04 Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt)
- 20.05 Aldinsulta, aldinhlauþ, aldinmalk, ávaxtapulpa og ávaxtadeig, soðið, einnig með sykri
- ex 20.06 Ávextir, niðursoðnir eða tilreiddir á annan hátt, einnig með sykri eða vínanda *nema* hnetur
- 20.07 Ávaxta- og grænmetissafi (þar með drúfusafi), ógerjaður, einnig með sykri, en án vínanda
21. kafli
- ex 21.06 Pressuger
- ex 21.07 Rjómais (sem inniheldur fitu) en ekki rjómaisduft; kaffipasta, smjörkrem („sweetfat“); emulgeruð fita og svipuð efni, sem notuð eru til framleiðslu á bökuðum vörum og innihalda minnst 10% fitu; soðið ravioli, makkaróni, spaghetti og því um líkt
22. kafli
- 22.04 Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli
- 22.05 Vín úr nýjum drúfum og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með etanóli
- 22.06 Vermút og annað vín úr nýjum drúfum, með bragðefnum
- 22.07 Aðrar gerjaðar drykkjarvörur, t. d. eplavín, peruvín og mjöður (hunangsvín)
- ex 22.09 Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; áfengir drykkir *nema* whisky og annað áfengi unnið úr korni, romm og annað áfengi unnið úr melassa; aquavítæ, genever, gin, eftirlíkingar af rommi og vodka; áfengir drykkir úr framangreindum tegundum vínanda; vínþrúgu- og fíkjubrennivín; líkjörar og ávaxtalíkjörar („cordials“); sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum
- 22.10 Edik og edikslíki

1) Með köku er átt við bakaðar vörur án fyllingar eða gljásykurs, úr mjóli (þ. m. t. maismjól og sterkja) og fitu en án gers og, sem m. a. hefur inni að halda tvennt eða fleira af eftirfarandi: sykri, hunangi, eggjum, mjólk, osti, ávöxtum, hnetum, bragðbætandi eða litandi efnum.

2) með vinarbrauði er átt við blaðlaga bakaða vöru með geri og feitiinnihaldi, sem minnst er 25% af þyngd fullunnu vörunnar.

23. kafli

- 23.02 Klíð og annað úrgangsefni, sem fellur til við mölun, sáldun eða aðra vinnslu korns eða belgávaxta
- 23.03 Sykurmelassi og annar úrgangur, sem fellur til við framleiðslu á sykri; hrat og önnur úrgangsefni frá öl- og áfengisgerð; úrgangsefni frá sterkjugeti og önnur áþekk úrgangsefni
- 23.04 Olíukökur og aðrar leifar, sem falla til við framleiðslu á feiti og feitum sýrum úr jurtaríkinu (þó ekki leifar frá olíuhreinsun)
- 23.06 Jurtaefni hæf til skepnufóðurs, ót. a.
- ex 23.07 Skepnufóður blandað sykri eða melassa og annað tilreitt skepnufóður *nema* soðkjarni fisks („fish solubles“)

24. kafli

- 24.01 Tóbak óunnið; tóbaksúrgangur

35. kafli

- ex 35.01 Kaseín, kaseínöt og aðrir kaseínderivatar

Fylgiskjal 2**Vörulisti I við Viðauka B****Skrá yfir ákvarðandi framleiðsluaðferðir, þar sem einnig má beita hundraðshlutamælikvarðanum****Almennar inngangsaðgasemdir við vörulista I (nema 29. kafla)**

1. Við beitingu ákvæða liðs 1 (b) í 4. grein við vörur, sem taldar eru fullunnar í þessum vörulista, skal viðeigandi ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd við vöruna alla, þó að frátöldum hvers kyns umbúðum.

2. Öll stig framleiðslu vöru frá byrjun ákvarðandi framleiðsluaðferðar skulu framkvæmd innan svæðisins.

3. Þegar ákvarðandi framleiðsluaðferð gerir ráð fyrir vali um efni (t. d. „framleiðsla úr eða úr“), útilokar notkun eins efnis ekki notkun neinna annarra.

4. Engin þau skilyrði, sem sett eru fyrir ákvarðandi framleiðsluaðferðum, skulu útiloka notkun efna, sem eru á hráefnaskránni, svo fremi að við þau hafi verið viðhöfð framleiðsluaðferð eins og skýrgreint er í 6. málsgrein 1. reglu í viðauka B.

5. Hugtakið „framleiðsla úr“ tekur ekki til tilvika, þar sem vara er til orðin á þann hátt, að hún hefur verið skilin frá annarri vöru, sem hún var hluti af.

6. Í þeim tilvikum, þar sem ákvarðandi framleiðsluaðferð er háð því, að vara eða nánar tilgreint efni skuli vera framleitt með kemiskri umbreytingu (transformation), þá merkir hugtakið „kemísk umbreyting“ myndun sameindar (molecule) vörunnar eða efnisins með:

(a) því að tvö frumefni eða fleiri verka hvert á annað;

(b) sérhverri kemiskri ummyndun á byggingu sameindar efnis, að undantekinni (i) ioniseringu og (ii) því að bæta við eða taka burt vatnskristalla.

Hér merkir „sameind“ vöru eða efnis þá sameind, sem er ákvarðandi við flokkun vörunnar eða efnisins eftir Bruxelles-tollnafnaskránni.

7. Tilvísanir til fjögurra stafa talna, t. d. 25.03, vísa til tollskrárnúmera í Bruxelles-tollnafnaskránni, tilvísanir í kafla eiga við kafla í Bruxelles-tollnafnaskránni. Nema annað komi fram af sambenginu, skulu vörulýsingar fullunninna vara og efna túlkaðar í samræmi við aðgasemdir við flokka og kafla Bruxelles-tollnafnaskrárinnar og reglur um túlkun tollnafnaskrárinnar.

8. Þessar inngangsaðgasemdir taka ekki til 29. kafla, en um hann gilda sérstakar inngangsaðgasemdir.

Vara

Ákvarðandi framleiðsluaðferð
framkvæmd innan svæðisins

5. KAFLI

Afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

- ex 05.07 Fjaðrir og dúnn, hreinsað Hreinsun (sem skal fela í sér þvott, ryk-hreinsun og þurrkun), flokkun og blöndun óunninna fjaðra eða dúns
- ex 05.15 Söltuð hrogn, óhæf til manneldis Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 05.15

13. KAFLI

Hráefni úr jurtaríkinu til litunar og sútnar; jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrulegur harpíx og aðrir jurtasafar og ekstraktar úr jurtaríkinu

- 13.03 Jurtasafi og ekstraktar úr jurtaríkinu; pektín; agar-agar og annað náttúrulegt plöntuslím og hleypiefni unnið úr jurtaríkinu Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 13.03

14. KAFLI

Flétti- og útskurðarefni úr jurtaríkinu; önnur efni úr jurtaríkinu ótalin annars staðar

- ex 14.05 Þangmjöl Framleiðsla úr þangi (ex 14.05) eða úr efnum, sem ekki teljast til 14.05

15. KAFLI

Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra; tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu

- 15.04 Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.04
- ex 15.05 Ullarfeiti Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.05
- ex 15.05 Feitiefni (hér með talið lanolín), unnin úr ullarfeiti Framleiðsla úr óhreinsaðri ullarfeiti (ex 15.05) eða úr efnum, sem ekki teljast til 15.05
- 15.08 Olía úr jurta- og dýraríkinu, soðin, oxýderuð, vatnseydd (dehydrated), meðhöndluð með brennisteini, blásin, pólýmerseruð eða umbreytt með öðrum hætti Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.07 eða 15.08

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
15.09 Degras	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.08 eða 15.09
ex 15.10 Feitisyðurur	Framleiðsla úr súrri olíu frá feitihreinsun (ex 15.10) eða úr efnum, sem ekki teljast til 15.10
ex 15.10 Súrar olíur frá feitihreinsun; feitalkóhól	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.10
15.11 Glyseról og glyseróllútur	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.11
ex 15.11 Glyseról, hreinsað	Framleiðsla frá hreinsun eða eimingu
ex 15.12 Feiti og oliur eingöngu unnin úr fiski og sjávarspendýrum, vetnuð að nokkru eða öllu leyti eða gerð föst eða hert með öðrum hætti, hreinsuð eða óhreinsuð, en ekki frekar unnin	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.12
15.17 Leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- og dýrakerfinu	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 15.17

16. KAFLI

Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum og lindýrum

ex 16.04 Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talinn styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra í loftþéttum umbúðum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 16.04
ex 16.05 Krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin í loftþéttum umbúðum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 16.05

17. KAFLI

Sykur og sykurvörur

ex 17.04 Sykurvörur, sem kakaó er ekki í, þó ekki „fondant“, deig, krem og því um líkar hálfunnar vörur, með viðbættu sætefnisinnihaldi, sem er 80% af þyngd eða meira, ekki í smásöluumbúðum	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 17.04
---	--

Vara

Ákvarðandi framleiðsluaðferð
framkvæmd innan svæðisins

18. KAFLI

Kakaó og kakaóvörur

18.03 Kakaódeig (þar með talin kakaódeig í stykkjum), einnig þó feitin hafi verið dregin úr því	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 18.03
18.04 Kakaósmjör (feiti eða olía)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 18.03 eða 18.04
18.05 Kakaóduft, ósykrað	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 18.03 eða 18.05
18.06 Súkkulaði og aðrar neytluvörur, sem í er kakaó	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 17.04 eða 18.06

19. KAFLI

Framleiðsla úr korni, mjöli og sterkju; brauðvörur

19.01 Maltextrakt	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 11.01 eða 19.01
19.05 Neytluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice“, „corn flakes“ eða þess konar vörur	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 19.05
19.06 Altarisbrauð, tóm hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, risþynnur og þess konar vörur	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 19.06
ex 19.07 Hart, ósætt kex (ships' biscuits), brauðmysna (crumbs), tvíbökur og kruður	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 19.07
ex 19.08 Kex, iskex (wafers), tvíbökur og kruður, kökur ¹⁾ og vinarbrauð (danish pastry) ¹⁾	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 19.08

1) Sbr. skýrgreiningu í viðauka D'

Vara

Ákvarðandi framleiðsluaðferð
framkvæmd innan svæðisins

21. KAFLI

Ýmsar fæðutegundir

- | | | |
|----------|---|---|
| 21.01 | Brenndar sikoriurætur og annað brennt kaffilíki; ekstraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum | Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.01 |
| 21.02 | Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, te eða maté; einnig vörur framleiddar úr þessum efnum | Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.02 |
| 21.03 | Sinnepsmjöl og lagað sinnep | Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.03 |
| 21.04 | Kryddsósur og önnur tilreidd bragðbætiefni | Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.04 |
| 21.05 | Súpur, súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft | Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.05 |
| ex 21.06 | Náttúrulegt ger, þó ekki pressuger; tilreitt bökunarduft | Framleiðsla úr frjóefnum (seed) fyrir geræktun (yeast cultures) (ex 21.06) eða úr efnum, sem teljast ekki til 21.06 |
| ex 21.07 | Aðrar fæðutegundir, ótaldar annars staðar, þó ekki eftirtalið: matarís (icecream), sem inniheldur fitu, þó ekki meðtalið mataríssduft; kaffipasta; smjörkrem (sweetfat); feitiemulsjónir og þess konar efni, sem notuð eru til framleiðslu á bökuðum vörum og innihalda 10% fitu eða meira miðað við þyngd; soðið „ravioli“, „makkaroni“, „spaghetti“ og þess konar vörur; yoghurt með bragðefnum í eða ávöxtum | Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 21.07 |
| 22.02 | Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til 20.07 | Framleiðsla úr safu sitrusávaxta (ex 20.07) eða tilreiddum blöndum sitrusávaxta eða sitrusolíu (ex 21.07) eða úr efnum, sem ekki teljast til 20.07, 21.07 eða 22.02 |
| 22.03 | Öl gert úr malti | Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 11.07 eða 22.03 |

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
22.08 Etanól (etylalkóhól), ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli, mengað etanól sérhvers styrkleika	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 22.08 eða 22.09
ex 22.09 Whisky og annað áfengi unnið úr korni; romm og annað áfengi unnið úr melössum; ákaviti, genever, gin, eftirlíkingar af rommi og vodka; áfengir drykkir framleiddir úr áðurgreindu áfengi; vínþrúgu- og fikjubrennivín; líkjörar og ávaxtalíkjörar (cordials); samsettar vinandablöndur (s. k. concentrated extracts) til framleiðslu á drykkjarvörum	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 22.08 eða 22.09

23. KAFLI

Úrgangsefni frá matvælaframleiðslu; tilreitt skepnufóður

23.01 Mjöl og duft úr kjöti, sláturúr-gangi, fiski, krabbadýrum, lindýrum, óhæft til matar; hamsar	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 23.01
ex 23.05 Vínúrgangur (wine lees)	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 23.05
ex 23.05 Vínsteinn, óhreinsaður	Framleiðsla úr vínúrgangi (wine lees) (ex 23.05) eða úr efnun, sem ekki teljast til 23.05
ex 23.07 Soðkjarni fisks (fish solubles)	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 23.07

24. KAFLI

Tóbak

24.02 Tóbak unnið, tóbakssósa og tóbaksextrakt	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 24.02
--	--

25. KAFLI

Salt, brennisteinn, mold og steintegundir; gips, kalk og sement

ex 25.01 Borðsalt og hreint natríumklóríd til lyfjagerðar	Framleiðsla úr steinsalti, salti unnu úr sjó eða söltum vökvum (ex 25.01) eða úr efnun, sem ekki teljast til 25.01
---	--

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
25.03 Brennisteinn hvers konar, þó ekki þurreimdur (sublimed), felldur eða hlaupkenndur (colloid)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 25.03
ex 25.06 Kvarz og kvarzit sem korn eða duft	Mulning, sigtun og flokkun á óunnu kvarzi eða kvarziti (ex 25.06)
ex 25.07 Brenndur leir (t. d. kaólin og bentonít), andalúsít, cyanít, sillimanít, þó ekki þaninn leir, sem telst til nr. 68.07; múllít; chamotteleir og dinasleir	Framleiðsla úr óbrenndum leir, andalúsít, cyanít, eða sillimanít (ex 25.07) eða úr efnum, sem ekki teljast til 25.07
ex 25.09 Jarðlitir malaðir eða brenndir	Framleiðsla úr ómöluðum, óbrenndum jarðlitum (ex 25.09) eða efnum, sem ekki teljast til 25.09
ex 25.13 Vikur (pimpsteinn), smergill, náttúrulegt kórund og önnur náttúruleg slípiefni, einnig hitameðhöndluð, sem korn eða duft	Mulning, sigtun og flokkun óunninna efna, sem teljast til 25.13
ex 25.17 Tinna, einnig hitameðhöndluð, sem korn eða duft	Mulning, sigtun og flokkun óunninnar tinnu (ex 25.17)
ex 25.18 Brennt dólómít; samrunnið dólómít (þar með tjöruborið dólómít)	Framleiðsla úr óbrenndu dólómíti (ex 25.18) eða úr efnum, sem ekki teljast til 25.18
ex 25.19 Brennt magnesíumkarbónat	Framleiðsla úr óbrenndu náttúrulegu magnesíumkarbónati (ex 25.19)
ex 25.20 Brennt gips, einnig litað eða lítills háttar bætt mýkingarefnum, þó ekki gips til tannlækninga	Framleiðsla úr óbrenndu gipsi, eða anhydriti (ex 25.20) eða úr efnum, sem ekki teljast til 25.20
25.22 Brennt kalk, leskjað kalk og hydrólískt kalk (þó ekki kalsíumoxyd og kalsíumhydroxyd)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 25.22
25.23 Portlandsement, alúminatsement, slaggsement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 25.23

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
ex 25.25 Samanlímt (agglomerated) merskúm; samanlímt (agglomerated) raf	Framleiðsla úr náttúrulegu merskúm (ex 25.25) eða rafúrgangi (ex 25.25) eða úr efnum, sem ekki teljast til 25.25
ex 25.30 Brennd konsentröt náttúrulegra bórata	Framleiðsla úr óunnum náttúrulegum bórötum (ex 25.30)

26. KAFLI

Málmgrýti, gjall og aska

ex 26.01 Brennt brennisteinskis og önnur náttúruleg járnsúlfid, brennd, einnig samrunnin (agglomerated) í töflum (briquettes) eða í öðru formi	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 26.01
26.02 Gjall, sindur og annar úrgangur frá járn- og stálframleiðslu	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 26.02
26.03 Aska og annar úrgangur (þó ekki frá járn- og stálframleiðslu), sem málmur er í eða málm sambönd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 26.03
26.04 Annað gjall og aska ót. a. (þar með talin þangaska)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 26.04

27. KAFLI

Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðoliur og efni eimd úr þeim; tjöruefni; jarðvax

ex 27.01 Steinkolatöflur og annað fast eldsneyti unnið úr kolum	Framleiðsla úr steinkolum (ex 27.01) eða úr efnum, sem ekki teljast til 27.01
ex 27.02 Brúnkolatöflur	Framleiðsla úr brúnkolum ekki í töflum (ex 27.02) eða úr efnum, sem ekki teljast til 27.02
27.04 Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 27.04
27.05 Gaskoks	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 27.05

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
27.05 Kolagas, vatnsgas, „generator“-gas (bis) og því um líkar gastegundir	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 27.05 (bis)
27.06 Koltjara, brúnkolatjarna, mótjara og önnur jarðtjara, einnig tjara eimð að nokkru leyti, tjara framleidd úr blöndu af biki ásamt kreósótolíu eða ásamt annarri oliu framleiddri úr koltjöru með eimingu	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 27.06
27.07 Oliur og önnur efni framleidd með eimingu úr háhitaðri koltjöru, aðrar oliur og efni, sem nefnd eru í athugasemd 2 við þennan kafla	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 27.07
27.08 Koltjörubik og annað bik unnið úr koltjöru eða annarri jarðtjöru	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 27.08
27.10 Jarðoliur og oliur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, hreinsaðar; vörur ótaldar annars staðar, sem í eru minnst 70% af jarðolíu eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum miðað við þunga, enda séu þessar oliur einkennandi fyrir vörurnar	Framleiðsla úr efnum, sem teljast til 27.10, framleidd með aðferðum, sem ekki felast eingöngu í blöndun eða pökkun eða í einhverri samsetningu þessara aðferða eða úr efnum, sem ekki teljast til 27.10
27.11 Petróleumgas og önnur loftkennd kolvatnsefnissambönd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 27.11
27.12 Vaselín	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 27.12
ex 27.12 Vaselín, hreinsað	Framleiðsla úr óhreinsuðu vaselíni (ex 27.12)
ex 27.13 Parafín	Framleiðsla úr „slack wax (ex 27.13) eða „scale wax“ (ex 27.13) eða úr efnum, sem ekki teljast til 27.13
ex 27.13 Smákrístallað vax, „slackwax“, hreinsað ósókerít, montanvax, móvax og aðrar vaxtegundir af mînerölskum uppruna (þó ekki óhreinsað ósókerít), einnig litað	Framleiðsla úr óhreinsuðu ósókeríti (ex 27.13) eða úr efnum, sem ekki teljast til 27.13

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
27.14 Jarðolíubítúmen, jarðolíukoks og önnur úrgangsefni frá jarðolium eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 27.14
27.16 Bítúmenblöndur að meginstofni úr náttúrulegu asfalti, náttúrulegu bítúmeni, jarðolíubítúmeni, jarðtjöru eða jarðtjörubiki (t. d. asfaltmastix og „cut backs“)	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 27.16

28. KAFLI

Ólífræn kemisk efni; lífræn og ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðalkalímálma, geislavirkra frumefna og isótópa

28.01 Halógen (flúor, klór, bróm og jöð)	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.01 eða 38.19
28.02 Brennisteinn, þurreimdur (sublimed) eða felldur; hlaupkenndur (colloidal)	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.02 eða 38.19
28.03 Kolefni (t. d. sót, antracensvart og acetylen svart)	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.03
28.04 Vatnsefni, eðalgas og aðrir málmleysingjar	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.04
28.05 Alkali-, jarðkali- og sjaldgæfir jarðkalímálmur (þ. á m. yttrium og scandium), kvikasilfur	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.05
28.06 Saltsýra og klórsúlfónsýra	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.06
28.07 Brennisteinsdíoxýd	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.07
28.08 Brennisteinssýra, oleum	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.08 eða 28.13
28.09 Saltpéturssýra, nítreringssýra	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.09
28.10 Fosfórpentoxýd og fosfórsýra (meta-, orti- og pýró-)	Framleiðsla úr efnun, sem ekki teljast til 28.10

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
28.11 Arsentríoxýd, arsenpentoxýd og arsensýrur	Framleiðsla með kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.12 Bóroxýd og bórsýra	Framleiðsla með kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.13 Aðrar ólífrænar sýrur og önnur súrefnissambönd málmleysingja (þó ekki vatn)	Framleiðsla með kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.14 Halógeníd og oxyhalógeníd málmleysingja	Framleiðsla með kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.15 Súlfíd málmleysingja (þar á meðal fosfótrísúlfíd)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.15 eða 38.19
28.16 Ammóníak, vatnssnautt eða í upplausn	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.16
28.17 Natriumhydroxyd (vitissóti), kalíumhydroxyd, peroxyd natriums og kalíums	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.17
28.18 Oxyd, hydroxyd og peroxyd magnesíums, strontíums og baríums	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.18
28.19 Zinkoxyd og zinkperoxyd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.19
ex 28.20 Álóxyd og álhydroxyd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.20
ex 28.20 Tilbúið kórundum	Framleiðsla úr álóxyd (ex 28.20) eða úr efnum, sem ekki teljast til 28.20
28.21 Krómoxyd og krómhydroxyd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.21
28.22 Manganoxyd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.22
28.23 Járnoxyd og járnhydroxyd, þar með talinn leirlitur, enda innihaldi hann járnambönd, sem nema 70% eða meiru miðað við þunga, reiknað sem Fe ₂ O ₃	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.23

Vara	Ákvarðandi framleiðsluaðferð framkvæmd innan svæðisins
ex 28.23 Leirlitur, malaður eða brenndur, enda innihaldi hann járnsambönd, sem nema 70% eða meiru miðað við þunga, reiknað sem Fe_2O_3	Framleiðsla úr ómöluðum eða óbrenndum leirlitum (ex 28.23) eða úr efnum, sem ekki teljast til 28.23
28.24 Kóbaltöxyd og kóbalthydroxyd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.24
28.25 Títanoxyd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.25
28.26 Tínoxyd (stannóoxyd og stannioxyd)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.26
28.27 Blýoxyd, rauð menja og gul menja	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.27
ex 28.28 Hydrazín og hydroxylamín og ólifræn sölt þeirra; aðrir ólifrænar basar og málmoxyd, hydroxyd og peroxyd önnur en antimónoxyd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.28
ex 28.28 Antimónoxyd	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.28 eða 81.04
28.29 Flúoríð, silikóflúoríð, flúorbóröt og önnur flúorsölt	Framleiðsla úr flússpat (ex 25.31) eða kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.30 Klóríð og oxyklóríð	Framleiðsla úr efnum, sem teljast til 25.01 eða 31.04 eða frá kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.31 Klórit og hypóklórit	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.31
28.32 Klóröt og perklóröt	Framleiðsla frá kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.33 Brómíð, oxybrómíð, brómöt, perbrómöt og hypóbrómít	Framleiðsla frá kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.34 Jódíð, oxyjódíð, jóðöt og perjóðöt	Framleiðsla frá kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.35 Súlfíð, pólýsúlfíð	Framleiðsla frá kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni

Vara	Ákvarðandi framleiðsluáferð framkvæmd innan svæðisins
28.36 Dítíonít, einnig þótt þau séu blönduð úr lífrænum efnum til að halda þeim í óbreyttu ástandi, enn fremur súlfoxylöt	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.36
28.37 Súlfít og thíosúlföt	Framleiðsla frá kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
ex 28.38 Súlföt (þ. á m. álún)	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.38
ex 28.38 Persúlföt	Framleiðsla frá kemiskri umbreytingu (transformation) úr sérhverju efni
28.39 Nítrít og nítröt	Framleiðsla úr efnum, sem ekki teljast til 28.39
